

Mánudaginn 10. maímán.

Nr. 26/1879

Christen Havsteen

gegn

Jóni Þorkellssyni

Dómur:

Mál þetta er risið útaf hval, er rak 13. dag aprílmán. 1876 inn við Þórðarhöfða á millum bæjanna Bæjar og Höfða, og sem Bæjarmenn slóu hendi sinni yfir og tóku til sín, þaræð þeir álitu, að jörðin Bær ætti allan reka þar inn við Þórðarhöfða, er hvalinn rak. Aftur á móti áleit verzlunarmaður Christen Havsteen, að land það, er hvalinn rak á, lægi undir eignarjörð sína Höfða, og að sjer bæri því hvalurinn, gjörði þessvegna tilkall til hans, og fjekk við sátt hjá eiganda annarar hálfendunnar í Bænum nokkurn hluta af hval þeim, er hann hafði tekið til sín, en þaræð eigandi hinnar hálfendunnar, bóndinn Jón Þorkellsson á Svaðastöðum, eigi vildi vidurkenna, að Christen ætti nokkuð í hvalnum, höfðaði Christen mál gegn honum og heimtæði, að hann greiddi sjer hálfu andvirði hvalsins, annaðhvort með 1198 kr., eða eptir mati óvilhallra manna, en með dómi sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu 13. júlí f. á. var Jón dæmdur sýkn af kröfum Christens. Þessum dómi hefur nú Christen Havsteen skotið til yfirdómsins og gjört þar sömu aðalkröfu og fyrir undirdóminum. — Áfrýjandinn byggir kröfu sína til hvalsins einkum á því, að í Sigurðarregístri standi þar sem verið er að telja upp reka Hóladómkirkju: »frá Þórisstaðalæk og inn til fornu varar allan hvalreka, utan »hinn sextánda part á Bær, en viðreka og flutningar »inn til þess, er kirkja bryddir undan höfða suður »heima á Höfða; Bæjarreka með öllum gögnum«; en hvernig sem menn nú vilja skilja þetta í regístrinu

— málsaðilum kemur eigi saman um það, hvar «Fornavör» hafi verið —, þá er registrið á þessum stað aðeins að gefa vitnisburð um, hverjir rekar þá hafi fylgt Hóladómkirkju, en ekki um það, hverjir rekar eða land fylgi jörðinni Höfða, og getur því eigi verið sönnun um rekarjett þessarar jarðar gagnvart jörðinni Bæ. Jarðir þessar urðu báðar eign Hóladómkirkju 1388, en voru síðan seldar 1802 hvor, eins og aðrar jarðir stólsins, er þá voru seldar, með reka þeim, er stóllinn atti fyrir landi hennar. Undir málinu eru nú engin skilríki eða brjef komin fram fyrir landeign þessara jarða, eða um föst landamerki millum þeirra, en þar á móti nokkur skilríki fyrir því, að báðar jarðirnar hafi átt og notað í langan tíma Þórðarhöfða, sinn helminginn hvor, en ekki eptir neinum föstum merkjum, heldur í sameiningu eða að ódeildu, og verður hann því að skoðast sem sameign þeirra, en þaraf leiðir þá aptur, að það sem rekur undir höfðanum eða kringum hann verður að vera sameign þeirra eptir sömu tiltölu, og að hvalurinn því hafi borið báðum jörðunum í sameiningu eða sinn helmingurinn hvorri, og samkvæmt þessu ber því að dæma hinn stefnda skyldan til að lúka áfrýjandanum helminginn af andvirði hvals þess, er hann tók til sín, að kostnaði frádregnum, eptir mati tveggja dómkvaddra óvilhallra manna, er þó eigi á að vera meira en 599 kr. og 5% vexti af matsupphæðinni frá sáttakærudegi til þess greitt verður. Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eptir málavöxtum eiga að falla niður. Laun hinna skipuðu talsmanna áfrýjandans, er fengið hefur gjafsókn fyrir báðum rjettum, ákvarðast, til þess í hjeraði 20 kr., og til þess fyrir yfirdóminum 30 kr., er greiddist úr opinberum sjóði.

Að því leyti málið hefur verið gjafsóknarmál vottast, að meðferð þess hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn stefndi, bóndinn Jón Þorkellsson á Svaðastöðum, á að lúka áfrýjandanum, verzlunarmanni Christen Havsteen, helminginn af andvirði hins umpráttaða hvals, er hann tók til sín, að kostnaði frá dregnum, eptir mati tveggja dómkvaddra óvilhallra manna, en þó skal gjald það eigi meira vera en 599 kr. og 5% vexti af matsupphæðinni frá sáttarkærudegi til þess hún verður greidd. — Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður. Laun hins skipaða talsmanns áfrýjandans í hjeradi, verzlunarstjóra Snorra Pálssonar, 20 kr., og fyrir yfirdóminum, Jóns landshöfðingjaritara Jónssonar, 30 kr., lúkist úr opinberum sjóði.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 12/1880

Rjettvísín

gegn

Sigurði Jónssyni í Lambhaga.

D ó m u r:

Með dómi, kveðnum upp fyrir aukarjetti Mýra- og Borgarfjardarsýslu 31. maímán. f. ár, er Sigurður Jónsson á Lambhaga í Skilmannahreppi dæmdur fyrir ólöglegar lækningar til að greiða 40 kr. sekt til sveitarsjóðsins í tjeðum hreppi og til að borga allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til svaramanns síns í hjeradi, Þórðar bónda Þorsteinssonar á Leirá, 4 kr. í málsfærslulaun, en aptur á móti er hinn ákærði sýknaður af kærú hins opinbera útaf óleyfilegri